

Sp. 85. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson,
Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka skipulega leit að djúpsjávarrækju, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, og hafa í því sambandi samráð við þá útgerðarmenn og sjómenn sem reynslu hafa af veiðum á rækju á djúpmiðum.

Greinargerð.

Árið 1969 fundust rækjumið við Grimsey og Kolbeinsey, þau fyrstu sem nefna má djúprækjumið. Fram til 1976 var oft leitað rækju á djúpslóð, en sú leit var ónóg með öllu og ekki nægilega samfelld. Á árinu 1976 var gert verulegt átak í þessu efni fyrir forgöngu Matthíasar Bjarnasonar fyrrv. sjávarútvegsráðherra. Farnir voru nokkrir leitarleiðangrar og keyptar voru m. a. frá Færeyjum sérstakar rækjuvörpur hliðstæðar þeim, sem Færeyingar hafa notað við Vestur-Grænland með góðum árangri, en þeir hafa veitt þar þúsundir tonna undanfarin ár af stórri úthafs rækju sem selst á ótrúlega háu verði. Láta mun nærri, ef tekið er mið af nýlegri reynslu hér á landi, að stór úthafs rækja, 70—90 stk. í kg, seljist á nálægt 75% hærra verði en ef stykkjatalan er 120—150 og 50% hærra verði en ef stykkjatalan er 90—120 í kg.

Árangurinn af aukinni rækjuleit árin 1976 og 1977 varð umtalsverður einkum fundust mið á Dohrnbanka og flákanum norðan hans, en þar veiðist nú stærsta

rækja sem veiðst hefur við Ísland, allt niður í 50 stk. í kg. Djúprækjumið, sem nú eru nýtt, eru orðin fimm: Dohrnbanki, Norðurkantur, Kolbeinseyjar- og Grímseyjarsvæði og Eyjarfjarðaráll.

Ástæða er til að ætla að víða umhverfis land, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, sé að finna djúprækjumið. Sú litla reynsla, sem við Íslendingar höfum á sviði djúprækjuveiða, bendir ótvírátt til að þar sé um að ræða ónýtta auðlind sem getur gefið ótrúlega mikinn afrakstur auk þess sem aukin áhersla á djúprækjuveiðar gæti dregið úr sókn í ofnýtta fiskstofna. Flm. þessarar tillögu vilja vekja athygli á þessu og hvetja til þess, að skipuleg leit að djúprækju verði verulega aukin.

Í tímaritinu Ægi 10. okt. 1978 er gerð athyglisverð úttekt á veiðimöguleikum rækju á djúpslóð. Þar rita greinar um þetta efni Ingvar Hallgrímsson og Sólmundur T. Einarsson fiskifræðingar og Birgir Hermannsson fulltrúi hjá Fiskifélagi Íslands um útgerð rækjutogara. Greinar þessar birtast hér með sem fskj. til upplýsinga með góðfúslegu samþykki höfunda.

Fylgiskjal I.

**Ingvar Hallgrímsson og
Sólmundur T. Einarsson:**

Rækjuleit og rækjuveiðar á djúpslóð.

Rækjuveiðar hófust fyrst í innanverðum Oslófirði skömmu eftir síðustu alda-
nót, en hér við land hóf Simon Olsen skipstjóri á Ísafirði fyrstur manna rækju-
veiðar í Ísafjarðardjúpi árið 1934. Síðan hafa rækjuveiðar innfjarða aukist til
stórra muna, eins og þekkt er, en það er fyrst árið 1972 að gerð er alvarleg tilraun
til úthafsveiða á rækju hér við land. Var það Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík,
sem veiðarnar hóf á 26 rúmlesta báti, m/b Arnari. Er um merkilegan kafla að
ræða í fiskveiðisögu Íslendinga, sem ekki verður nánar rakinn hér, en telja má þá
Simon Olsen og Snorra Snorrason frumkvöðla rækjuveiða við Ísland, bæði inn-
fjarða og á djúpslóð.

Hér á eftir verða raktir helstu þættir í rækjuleit á djúpslóð við Ísland, aðal-
lega þó um rækjuleit úti af Norðurlandi, þar sem árangur hefur verið bestur fram
til þessa og úthafsveiðar á rækju helst stundaðar.

Skipuleg rækjuleit á djúpslóð norðanlands hófst fyrst árið 1962, en leitað var
í Eyjarfjarðaráll í mars það ár. Engin rækjumið fundust. Árið 1963 var ekki leitað,
en í september 1964 var leitað í Eyjarfjarðaráll og Haganedjúpi. Skástur varð þá
árangur í Eyjarfjarðaráll. Árið 1965 féll leit niður, en í mars 1966 er leitað í Húna-
flóaál, og fundust þar mið, sem gáfu af sér rúm 50 kg á togtíma af stórri rækju
á nokkrum stöðum. Í þessari rækjuleit og fram að henni var notuð lítil rækjuvarpa.
Eftir þetta var notuð stærri rækjuvarpa sem er um tvisvar sinnum veiðnari en
sú litla.

Í maí 1967 var enn leitað við Norðurland á svæðinu frá Skagafirði til Axar-
fjarðar. Engin góð rækjumið fundust í þessari leit.

Árið 1969 er fyrst leitað á djúpslóð í júní og júlí og síðan í ágúst. Í þessari
leit fundust ekki ný mið. Á sama ári var enn leitað í nóvember og desember. Þá
fannst allgott rækjusvæði við Kolbeinsey og annað við Grímsey. Afli var mestur
um 167 kg á togtíma. Ári síðar hófust veiðar á Grímseyjarsvæðinu. Rækjan var
stór en afli yfirleitt tregur.

Árið 1970 hófst leit á djúpslóð norðanlands í febrúar og var einnig leitað í
júlí og ágúst. Ekki fundust nein ný mið. Loks var leitað fyrir Norðurlandi í október—
nóvember og m. a. gerð tilraun með hlera er hentuðu betur eðjubotni. Í þetta sinn
fengust allt að 300 kg á togtíma á Grímseyjarmiðum.

Í ágúst 1971 var gerð könnun á rækjumiðunum við Grímsey og Kolbeinsey. Í maí—júni var leitað frá Drangál austur að Grímsey. Rækju varð vart alls staðar nema í Drangál. Í Reykjavíkjardarál fengust allt upp í 80 kg á togtíma.

Árið 1972 var leitað í ágúst—september við og í Reykjavíkjardarál án teljandi árangurs.

Í apríl 1973 var leitað á utanverðum Húnaflóa og í Reykjavíkjardarál en aðeins óverulegt magn af rækju fékkst. Í október var leitað fyrir Norðurlandi án markverðs árangurs.

Í október 1974 var leitað að rækju í Skagafjarðardjúpi og Haganedjúpi án árangurs.

Árið 1975 var leitað í apríl á eftirtöldum stöðum án árangurs: við Mánáreyjar, vestur af Grímsey og á Skagafirði. Í júní var leitað víða og var árangur skástur úti af Eyjafirði og Siglunesi eða 50—60 kg á togtíma. Í september var enn leitað úti fyrir Skjálfanda, Eyjafirði og Haganedjúpi án árangurs.

Eins og hér hefur komið fram, þar rækjuleitin árið 1969 þann árangur, að mið fundust við Grímsey og Kolbeinsey. Fram til 1976 var rækjuleitin þó ekki nægilega samfelld, mest var um að skotist væri í rækjuleit, er tækifæri gatst frá öðrum verkum rannsóknaskipanna. Með hliðsjón af þessu var þó næstum undravert, hve víða hafði verið leitað, þótt verulegur árangur næðist aðeins á tveim fyrrgreindum svæðum.

Á árinu 1976 verður sú breyting þessara mála, að sjávarútvegsráðuneytið fær umráð yfir allmiklu fjármagni, sem m. a. skyldi notast til að skjóta fleiri stöðum undir íslenskar fiskveiðar. Rækjuleit á djúpslóð naut mjög góðs af þessu, og urðu mikil umsvif á sviði rækjuleitar á því ári. Keyptar voru m. a. frá Færeysjum sérstakar rækjuvörpur af þeirri gerð, sem færeysk skip nota við rækjuveiðar við Vestur-Grænland, og voru þær m. a. notaðar í rækjuleitinni.

Síðsumars 1976 kannaði rannsóknaskip talsvert svæði úti af Skagafirði og innarlega í Húnaflóaál, en árangur varð lítill. Sjávarútvegsráðuneytið leigði 4 skip til leitar sem stóð yfir frá júní til október. Ráðlegt þótti að leita út frá þeim rækjumiðum er Hafrannsóknastofnunin hafði þegar fundið. Rækja fannst nú á allstórum svæðum, eða í Skjálfandadjúpi, Eyjafjarðarál, Kolbeinseyjarsvæði, Haganedjúpi, Húnaflóaál (utar en áður), Reykjavíkjardarál, Sporðagrunni og Norðurkanti (svæði um 60 sjómilur norður af Horni). Fyrir utan Kolbeinseyjarsvæðið, sem telja má hefðbundin rækjumið, fékkst mjög góður afli á tveimur svæðum, þ. e. Húnaflóaál 148—247 kg á togtíma og í Norðurkanti 125—154 kg á togtíma. Á hinum svæðunum var afli minni eða 60—127 kg á togtíma. Auk þeirra svæða, sem hér hafa verið nefnd, var leitað bæði vestan- og austanlands. Hin fjögur leiguskip ráðuneytisins fengu þokkalegan afli á ýmsum svæðum. Hins vegar var ekki um beina leit að ræða, heldur jafnframt tilraunaveiðar, þannig að veitt var langtímum saman á þeim slóðum þar sem rækjuafli var mestur. Þetta fyrirkomulag gaf að visu nokkrar upplýsingar um tímabundið veiðipól svæðanna, en hamlaði vitaskuld leitinni sjálfri. Varð hún því ekki eins yfirgripsmikil og ella hefði orðið.

Árið 1977 naut rækjuleitin einnig góðs af því fjármagni, sem sjávarútvegsráðuneytið hafði til umráða og fyrr er getið. Farnir voru þrjú leiðangrar til rækjuleitar á úthafinu og m. a. leitað úti af Austfjörðum, en þar fannst ekki rækja í veiðanlegu magni. Í upphafi hamlaði ís töluvert, sérstaklega á Norður-kantssvæðinu. Horfið var frá því að binda leitina við veiðar eins og áður var. Aðallega var leitað frá svæðinu norðvestur af friðaða hólfinu. Norðurkanti, svæði norður og austur af Kolbeinsey allt austur undir Bakkaflóadjúpi. Leitarsvæðið markaðist af dýptarlínum 133—305 fm dýpi. Svæði norður af Sporðagrunni og Húnaflóaál var einnig kannað. Rækju í veiðanlegu magni var stundum að finna og komst þá allt upp í 243 kg á togtíma.

Á þessu ári hefur verið farinn einn leiðangur til rækjuleitar á djúpslóð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, og annar verður væntanlega farinn í haust. Því miður tókst ekki að fá neitt rannsóknaskip til leitarinnar þrátt fyrir itrekaðar til-

raunir. Leiðangurinn var farinn á m/s Dalborgu, sem er eina skip Íslendinga, sem sérstaklega er gert fyrir rækjuveiðar. Skipstjóri var Snorri Snorrason, en með í leiðangurinn var ráðinn Logi Jóhannsson, stýrimaður, en hann var nákunnugur rækjuveiðum Færeyinga við Vestur-Grænland. Nutum við mjög þekkingar hans, en Logi lést stuttu eftir að leiðangrinum lauk, langt um aldur fram. Leiðangursstjórar voru greinarhöfundar. Leit þessi stóð í einn mánuð, og var leitað djúpt og grunnt á landgrunnsköntunum frá Jökuldjúpi norður um að Seyðisfjarðardjúpi. Einnig var leitað utan kantanna bæði vestan- og norðurlands, t. d. á Dohrnbanka og flákanum norðan hans, sem Danir nefna Strede Bank. Eins var leitað langt norður í hafi á svæðum, sem virtust líkleg eftir sjókortum, en sú athugun reyndist árangurslaus, enda sjókort af þessum svæðum víða villandi og beinlínis röng. Meginárangur þessa leiðangurs var sá, að í ljós kom, að á Dohrnbanka og Strede Bank var stór og góð rækja í veiðanlegu magni. Á þessu svæði hafði áður orðið vart rækju í fiskivörpu, en að öðru leyti var svæðið óþekkt sem rækjumíð. Seinni reynsla hefur og staðfest, að hér er um allgóð rækjumíð að ræða.


Í stuttu máli má segja, að þau djúprækjumíð, sem nú eru nýtt, séu þessi: Dohrnbanki og flákinn norðan hans, Norðurkantur, Kolbeinseyjarsvæðið, Grímseyjarsvæðið og Eyjafjarðaráll. Öll þessi mið — að undanskildu því síðastnefnda — hafa fundist í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar eða á skipum, sem leigð hafa verið að tilhlutan sjávarútvegsráðuneytisins, og verður því vart annað sagt en að heildarárangur rækjuleitar á djúpslóð hafi verið viðunandi. Þessa leit þyrfti almennt að auka og sérstaklega þyrfti hún að vera samfelldari en verið hefur, þar sem oft verða úrtök vegna veðurs og nýlast þá stuttir leiðangrar verr en skyldi.

Eins og áður kemur fram fundust rækjumíðin við Grímsey og Kolbeinsey árið 1969 (r/s Hafþór). Það var þó fyrst haustið 1972, sem veiðar hófust á svæðinu, en þá gerði Snorri Snorrason (m/b Arnar) tilraun til rækjuveiða á þessum svæðum. Tilraun þessi gaf ekki góð raun, m. a. vegna þess, hve báturinn var lítill til úthafsveiða (26 lestir). Lét Snorri skipstjóri smíða stærri bát, m/b Sæþór, sem er 50 lestir, og hóf úthafsveiðar á honum haustið 1974. Má því með fullum rétti segja, að Snorri skipstjóri sé frumkvöðull úthafsveiða á rækju hér við land.

Eins og fyrr greinir hóf Snorri veiðarnar í september 1974, og má kalla, að hann hafi einn stundað úthafsveiðina það ár. Mánuðina september-desember 1974 veiddi hann röskar 70 lestir og fékk að jafnaði 172 kg af rækju í klukkustundar togi. Heildarrækjuafllinn það ár á djúpmiðum norðanlands var um 74 lestir.

Þessi árangur af brautyðjandastarfi Snorra varð til þess, að á næsta ári, 1975, sóttu 10 bátar um rækjuveiðileyfi á úthafssvæðum norðanlands, og stunduðu þar veiðar, sumir reyndar aðeins skamma hríð. Þetta ár nam heildaraflí af svæðinu um 570 lestum, eða nær áttföldum afla fyrra árs. Þar af veiddi Snorri Snorrason um 259 lestir á bát sínum, Sæþóri. Framan af ári 1975 óx aflí á togtíma og náði hámarki í febrúar, en þann mánuð var meðalafli Sæþórs um 244 kg á togtíma.

Á árinu 1975 veiddi Sæþór þannig um 45% alls heildaraflans á úthafsveiðisvæðinu. Þessi aflí fékkst á 1600 togtímum, eða að jafnaði um 162 kg á klukkustund yfir árið. Heildarrækjuafllinn af úthafssvæðinu norðanlands nam á þessu ári um 11,5% af heildarrækjuveiðinni á árinu. Að jafnaði reyndist best veiði við Kolbeinsey, um 124 kg á togtíma, á móti 102 kg á togtíma við Grímsey.



Eftirfarandi tafla sýnir rækjuaflann á árinu 1975 eftir veiðisvæðum:

	Lestir	% heildar- ársaflans
Breiðafjörður	300	6.0%
Arnarfjörður	400	8.0%
Ísafjarðardjúp	1 704	34.3%
Húnaflói	1 400	28.1%
Djúpmið norðanlands	470	11.5%
Axarfjörður	535	10.8%
Berufjörður	63	1.3%

Árið 1976 fá 9 bátar leyfi til úthafsveiðanna norðanlands, en ekki stunduðu allir þeirra veiðar í umtalsverðum mæli. Að jafnaði reyndist aflí á togtíma um 155 kg, en heildarrækjuafllinn af svæðinu minnkaði í 315 lestir.

Við leit og tilraunaveiðar þær, sem fram fóru á norðurlandsmiðum sumarið 1976 og fyrr er greint frá, reyndist meðalafli á togtíma vera um 246 kg á Kolbeins-eyjarmiðum, um 163 kg í Húnaflóaál og um 154 kg á Norðurkanti úti af Vestfjörðum. Til samanburðar við þetta aflamagn má nefna, að í Ísafjarðardjúpi er aflinn til jafnaðar um 149 kg á klukkustund, í Húnaflóa um 300 kg á klukkustund og í Arnarfirði um 65 kg á klukkustund.

Árið 1977 fá 13 bátar leyfi til úthafsveiða á rækju. Ís hamlaði veiðum í upphafi, en veiðin glæddist heldur er leið á sumarið. Heildarveiðin varð um 480 lestir (þ. e. 37 lestir á bát árið áður). Aflí á togtíma var að jafnaði um 100 kg, og var það miklu minna en fyrra árið.

Á þessu sumri hafa um 30 bátum verið heimilaðar rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands, en 26 stundað veiðarnar. Einkennandi hefur verið, hve lítið hefur verið um rækju á Norðurkanti, sem og að rækjan hefur verið smærri en búist var við, sérstaklega á Grimseyjarmiðum. Veiðar gengu allskrykkjótt í upphafi, en glæddust er á leið. Talsverð veiði varð í Eyjafjarðarál, en þar hefur ekki verið veitt áður að neinu ráði. Aðalveiðisvæðið var nú á utanverðu Sporðagrunni.

Það er eftirtektarvert, að flestir þeir bátar, sem þessar veiðar stunda, eru sömu bátarnir og stunda rækjuveiðar innfjarða að vetrarlagi. Reynslan hefur þannig ótvírætt sýnt, að þessir litlu bátar geta stundað rækjuveiðar á djúpslóð að sumri til.

Eitt skip, m/s Dalborg, hefur stundað rækjuveiðar á Dohrnbanka og Strede Bank síðan í júní. Mánuðina júní og júlí hefur meðalafli skipsins verið 191 kg á togtíma.

Rækja á djúpslóð norðanlands hefur yfirleitt verið talsvert stærri en rækja innfjarða, þótt sá munur hafi verið minni í sumar en áður.

Á m/b Langanesi frá Þórshöfn, sem stundar úthafsveiðar á rækju norðanlands, er flokkunarvél, er flokkar rækju í 4 stærðarflokka. Sumarið 1976 var gerð athugun á flokkun þessari. Alls voru flokkuð 433 kg, 45—100 kg í einu. Útkoman varð sú, að 134 kg (31%) fóru í stærsta flokkinn með 98—120 stk/kg; 190 kg (43.9%) fóru í næststærsta flokkinn með 144—182 stk/kg; 85 kg (19.6%) fóru í þriðja stærsta flokkinn með 214—250 stk/kg; 15 kg (3.5%) fóru í smæsta flokk með 272—364 stk/kg og 9 kg (2%) fóru í úrkast.

Á m/s Dalborgu eru einnig flokkunarvélar en stærðarflokkarnir eru aðrir. Í leit þeirri, sem farin var á skipinu í sumar, fékkst meginhluti aflans á Dohrnbanka og norður af honum. Af heildaraflanum, sem var 7304 kg, voru 4464 kg flutt hrá í land til vinnslu þar. Hinn hlutinn, 2840 kg, var flokkaður og soðinn beint til útflutnings. Sá hluti flokkaðist þannig, að 1670 kg (59%) fóru í stærðarflokk með 70—120 stk/kg; 935 kg (33%) fóru í stærðarflokk með 120—150 stk/kg. Í næstu tveim veiðiferðum var skipið eingöngu á Dohrnbanka og þar í grennd. Flokkuð voru samtals 85 545 kg, er flokkuðust þannig: 78 245 kg (91%) fóru í stærðarflokk með 70—90 stk/kg; 1600 kg (2%) fóru í stærðarflokk með 90—120 stk/kg;

og 5700 kg (7%) fóru í stærðarflokk með 120—150 stk/kg. Rækjan á Dohrnbanka og þar í grennd er þannig mun stærri en sú rækja, sem veiðist á djúpslóð norðanlands.

Eins og fram hefur komið hér að framan, er reynsla Íslendinga af úthafs-rækjuveiðum frekar lítil enn sem komið er, og lætur því að líkum, að erfitt er að hafa rökstudda skoðun á framtíðarhorfum. Þó hefur komið í ljós, að rækju má veiða á úthafsmiðum norðanlands mestallt árið, þ. e. a. s. að rækja virðist vera til-tölulega stöðug á veiðisvæðunum. Vafalaust hefur smæð báta dregið mjög úr sókn að vetrarlagi. T. d. tókst aðeins að veiða 7.5 lestir af rækju á Grímseyjarmiðum í desember 1975, ekki vegna skorts á rækju, heldur vegna veðurs. Einnig hefur komið í ljós, eins og vænta mátti, að rækja á þessu úthafssvæði er almennt nokkuð stór eftir því sem gerist hér við land. Þær tilraunaveiðar, sem farið hafa fram á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á djúpslóð, sýna ljóslega, að fleiri veiðisvæði er um að ræða en þau, sem nú eru nýtt. Með tilkomu stærri skipa á þeirra, sem nú stunda þessar veiðar, er ástæða til að ætla, að rækjuveiðar á djúpslóð við Ísland muni í framtíðinni auka á fjölbreytni í íslenskum sjávarútvegi.

Fylgiskjal II.

Birgir Hermannsson.

Er rekstrargrundvöllur fyrir nýttisku rækjutogara á Íslandi í dag?

Ógerlegt er að svara þeirri spurningu sem í fyrirsögninni liggur viðhlítandi og afdráttarlaust, til þess eru of margir veigamiklir þættir varðandi djúprækjuveiðar hér á landi óþekktir. Meðan svo er verður t. d. að taka öllum tölum um hugsanlegan afla með fyrirvara, en aðeins einn litill rækjutogari, „Dalborg“ EA, sem kom á miðju síðasta ári og er 278 rúmlestir að stærð, hefur verið að djúprækjuveiðum auk smábáta. Aftur á móti hefur enn sem komið er enginn stór úthafs-rækjutogari, búinn nýttisku tækjum og veiðarfærum, reynt sig við djúprækju á Íslandsmiðum, þó ótrúlegt sé.

Óstöðugt verðlag og sibreytilegar stefnur í efnahagsmálum okkar gera einnig allar framtíðarspár og útreikninga mjög ónákvæma ef ekki óframkvæmanlega, og er því ekki um annað að ræða en að reikna allt á föstu verðlagi, þar sem gera verður ráð fyrir að útflutningsverðmæti rækjunnar fylgi að mestu hækkandi fjármagns- og framleiðslukostnaði héraðs. Leitast verður við að velja tölur sem vonandi gefa í grófum dráttum einhverja vísbendingu um raunveruleikann á þessu sviði, og eru þær byggðar á þeim upplýsingum og forsendum sem við höfum yfir að ráða.


Áður en lengra er haldið, væri rétt að staldra við og athuga hvernig aðrir hafa staðið að rækjuveiðum, og hvaða reynslu þeir hafa aflað sér í þessum útgerðarmálum.

Á undanförunum árum hafa frændþjóðir okkar stundað rækjuveiðar við Vestur-Grænland, og hafa þær reynst með fádæmum arðbærar. Stórir úthafs-rækjutogarar hafa í vaxandi mæli tekið þátt í þessum veiðum, en flestir þeirra hafa verið smíðaðir á síðustu þremur árum, og eru um og yfir 500 rúmlestir að stærð, eða á bilinu 50—55 metra langir. Vegna hins mikla uppgangs, sem verið hefur í rækjuveiðunum á þessum slóðum, er svo komið, að hætta er talin vera á ofveiði, og hafa því verið sett lög um takmarkanir á hámarksveiði hvert ár.

Einn þessara nýju úthafs-rækjutogara, Fame frá Færeyjum, kom við í Reykjavík í sumar. Ástæðan fyrir viðkomu hans hér var sú, að þá nýlega hafði leyfilegur hámarksafli náðst við Vestur-Grænland, og var ætlun þeirra að reyna næst fyrir sér á Dohrnbankanum. Þessi rækjutogari var aðeins 10 mánaða gamall, þegar hann var hér á ferð, og hafði kostað 23 milljónir danskra króna að smíða hann. Á síðastliðnum 3 árum hefur skipasmíðastöðin, sem smíðaði Fame, byggt 8 rækju-

togara af svipaðri stærð, og hafa þeir allir stundað sínar veiðar við Vestur-Grænland fram til þessa. Á þeim 10 mánuðum, sem Fame hafði verið að veiðum, var verðmæti rækjuafllans, sem hann var búinn að landa, orðinn 21 milljón danskra króna, en það svarar til 1 176 000 000 ísl. kr. á núverandi gengi.

Auðsjáanlega hafði ekkert verið til sparað við að gera þennan togara sem best úr garði, og var hann sérstaklega vel útbúinn til veiða innan um ís og í heimskautaloftslagi. Fyrst eftir að farið var að nota stóra skuttogara við rækjuveiðar þarna norðurfrá hamlaði það stundum veiðum hjá þeim, að stórir ísjakar vildu festast undir togvirunum, vegna þess hve togblakkirnar eru tiltölulega hátt yfir sjávarýfirborðinu, og lentu þeir oft í hinum mestu brösum við að ná vörpunni inn aftur þar sem veiðarnar fóru oftast fram innan um mjög þéttan ís. Við þessu hefur nú verið séð, með því að hafa gálgana með togblökkunum hreyfanlega og er komið fyrir á þeim vökvaprýstibúnaði, sem stjórnað er frá brúnni. Ef á þarf að halda, er hægt með þessum útbúnaði að leggja toggálgana inn á miðju skipsins, þannig að togblakkirnar hanga niðri í skutrennunni, en togvírarnir fara aftur af skipinu í sjólokin, rétt við skut þess.



Uppdráttur af 55 metra löngum nýttisku rækjuverksmiðjutogara

Á togþilfari rækjutogarans voru tvær aðskildar brautir, sín fyrir hvora vörpuna, en grandaraspilin eru með tveimur útkúplanlegum tromlum hvort, svo báðar vörpunar eru ætíð tilbúnar til köstunar án nokkurs fyrirvara. Þriðju vörpunni er svo komið fyrir á netatromlu, sams konar og holfiskskuttogarar hafa fyrir flotvörpur sínar, nema hvað þessi er staðsett aftarlega á skipinu, eða u.þ.b. 3—4 metra fyrir framan skutrennuna. Eins og þessi útbúnaður gefur til kynna, þá eru rækjumiðin á Vestur-Grænlandi mjög erfið við að eiga og togbotn slæmur og mikið um stórgrýti, sem fer illa með veiðarfærið. Oft er því hengilrífið, en illmögulegt að standa í netabætingum, þar sem allt er iðulega frosið í stökk á fáum mínútum.

Á Fame var aðstaða til að heilfrysta 40 tonn af rækju á sólarhring og skelfletta úr 16 tonnum til viðbótar, svo afköstin eru mjög mikil, ef á þarf að halda, um borð í þessum stóru rækjutogurum. Þegar komið er niður á vinnsluþilfarið er þar um að litast sem í fullkominni matvælaferksmiðju. Rækjan flyst eftir færirhöndum frá einu vinnslustigi til annars, og kemur mannshöndin lítið sem ekkert við sögu, þar sem flestallt er sjálfvirkt. Kerfið eða samstæðan, sem notuð er þegar unnið er í heilfrystingu á rækjunni, samanstendur af tveimur suðupottum og tveimur flokkunarvélum, lausfrystitækjum, vökvadrifnu pökkunarborði og sjálfvirkri vigtun í 5 kg pakkningar. Við framleiðslu á skelflettri rækju eru notaðir tveir suðupottar, og er þá gufusóðið, síðan taka við tvær skelflettingarvélar, en frá þeim fer rækjan í eftirpillun, sem kallað er, og gæðaeftirlit, en við þetta hvort tveggja þurfa minnst 4 menn að vinna að staðaldri. Hámarksafköst þessarar vinnslu eru, eins og áður

sagði, 16 tonn af rækju á sólarhring, og ef útkoman er góð, fást úr þeim 4 tonn af skelflettri rækju.

Hingað til hefur ekki fyrirfundist rækja á djúpslóðum við Ísland í jafnmiklu magni, eða réttara sagt á afmörkuðum miðum þar sem hún heldur sig, eins þétt og við Vestur-Grænland, en vottur af djúprækju finnst fyrir öllu landgrunninu norðvestur, norður og norðaustur af landinu og víða sæmileg mið.

Fiskifræðingar okkar hafa gefið í skyn, að mjög líklegt sé, að fleiri rækjumið eigi eftir að koma fram, og ber öllum saman um, að ekki sé komin næg reynsla á djúprækjuveiðar hér við land til að fullyrða eitt eða neitt í þessum efnum. Aftur á móti eru hjartsýnir menn, tengdir þessum veiðiskap, ekki í nokkrum vafa um að mikið magn af djúprækju eigi eftir að finnast.

Aukins áhuga hefur gætt nú nýverið á úthafs-rækjuveiðum, og í sumar hafa upp undir 20 bátar verið við þessar veiðar og aflað yfirleitt sæmilega. Mest eru þetta mjög litlir bátar, eða að meðaltali um og innan við 30 rúmlestir að stærð, sem að öllu jöfnu stunda innfjarðarrækjuveiðar á vetrum, og hafa þeir aflahæstu komist hátt í 30 tonn yfir mánuðinn.

Það er vafasamt eða illmögulegt að taka einhver fordæmi og gera samanburð á hugsanlegum afla nýtisku rækjutogara af þeirri stærðargráðu sem miðað er við hér og getur haldið til á miðunum í margar vikur, auk þess að vera fær um að toga innan um þéttan ís og í misjöfnum veðrum, en til þess að fá smáinnsýn í hvað veiðarnar hafa gefið af sér, skulum við athuga útkomuna hjá tveimur skipum, sem voru við þessar veiðar undir ólíkum kringumstæðum.

Í febrúar 1975 var meðalafli m/b Sæþórs, 45 rúml. báts frá Dalvík, 244 kg á togtíma, en á öllu árinu 1975 aflaði þessi bátur 259 tonn á 1600 togtímum, eða að jafnaði 162 kg á togtíma.

Um mitt sumar 1976 tók Hafrannsóknastofnunin skuttogarann Dagný á leigu til djúprækjuleitar. Í þessum leiðangri öfluðust tæp 44 tonn af djúprækju á 281 togtíma, eða að jafnaði 156 kg/togt. Þar sem skipið var í rækjuleit gefur þetta af skiljanlegum ástæðum litla hugmynd um hver aflinn hefði getað orðið, en miðað við aðstæður verður að telja þetta góðan afla, því það er tvennt ólíkt, að vera við rannsóknarstörf og í leit að nýjum miðum þegar togað er vítt og breitt um allan sjó, eða að vera að veiðum, þar sem allt gengur út á að afla sem mest á sem stystum tíma.

Það er staðreynd sem taka verður tillit til í sambandi við allar veiðar, að þegar fá skip stunda þær, að ekki sé talað um ef það er aðeins eitt, þá fæst lítið eða ekkert yfirlit yfir hin ýmsu mið, og er því ómögulegt að vita hvar helst er veiðivon í það og það skiptið. Það gefur auga leið að leit að fengsælum miðum er margfalt árangursrikari, þegar fleiri skip geta dreift sér um slóðina og þannig fengið samanburð á afla á sama tíma, og um leið skapast samkeppni, sem ávallt hefur góð áhrif á útkomuna, en þrátt fyrir samkeppnina hefur það sýnt sig, að samvinna myndast undantekningarlaust milli þeirra skipa sem sama veiðiskap stunda.

Samkvæmt skýrslum frá síðustu árum eru flestir skuttogararnir með í kringum 4000 togtíma á ári, en tími þeirra verður oft órjúgur þar sem margir landa á vikufresti eða svo. Rækjutogari búinn frystitækjum kæmi til með að hafa miklu lengra úthald í hverri veiðiferð, þannig að tími hans nýttist öðruvísi og betur við veiðarnar. Með hliðsjón af þessu væri líklega ekki ósanngjarnt að reikna þá með upp undir 4500 togtímum á ári, en það svarar til að togað sé í um 187 daga af 365.

Rækjumarkaðurinn, sem helst kemur til greina fyrir okkur, er sá skandinavíski, en á honum er rækjan venjulega seld fyrirfram á föstu verði, sem yfirleitt er nokkuð stöðugt, en fer þó eftir árstíma og ýmsu öðru.

Þar eð djúprækjan er seld fyrirfram á föstu verði er engin sérstök ástæða fyrir veiðiskipin sjálf að sigla með aflann og þannig tapa af dýrmætum tíma frá veiðum, en reikna má með að hátt í hálfur mánuður fari í hverja siglingu. Í fljótu bragði séð er ekkert því til fyrirstöðu að umskipa aflanum í frystiskip, sem síðan kæmi honum á áfangastað.

Fyrir nokkrum vikum seldi rækjutogarinn Dalborg djúprækju sem veiðst hafði á Dohrnbankanum. Uppistaðan í aflanum var mjög góð rækja, sem fór mest í stærðarflokkinn 60—80 stk./kg. Var selt fyrirfram á föstu verði sem var danskar krónur 15 hvert kg, en búist er við að það eigi eftir að hækka upp í d. kr. 18 hvert kg þegar líða tekur á haustið. Á sama tíma var verð á djúprækju í stærðarflokknunum 90—120 stk./kg d. kr. 14—15, en þessi flokkur hefur það fram yfir aðra að vera mjög eftirsóttur, og er því verð á honum stöðugt. Í stærðarflokknunum 120—150 stk./kg, var verðið d. kr. 11, en yfirleitt er smærri rækja en það ekki boðin til sölu óskelflett.

Skal nú leitast við að setja saman grófa rekstraráætlun fyrir rækjutogara sem kostaði í upphafi 1.5 milljarð isl. kr. Við uppsetningu slíks rekstraryfirlits sem þessa breytir það litlu hversu stór áhöfnin er á togaranum, þar sem hlutfallstalan úr aflaverðmætinu til skipta verður mjög svipuð, hvort sem þeir eru fleiri eða færri.

Afskriftir	150 000 000
Vextir og bankakostnaður	180 000 000
Opinber gjöld	3 000 000
Tryggingar	20 000 000
Olíur	50 000 000
Veiðarfæri	20 000 000
Viðhald	20 000 000
Aðrar rekstrarvörur og þjónusta	20 000 000
Framkvæmdastj.	4 000 000

Kostnaður alls 467 000 000

Áætlaður meðalafli 170 kg/togt. \times 4500 togtímar á ári (= 765 tonna ársafli) \times 15 kr. d. = 840 isl. kr. pr. kg

Seldur afli		642 600 000
Aflahluti áhafnar	174 000 000	
Hagnaður	1 600 000	
	642 600 000	642 600 000

Eins og sjá má, þá er reksturinn í járnum, samkvæmt þeim tölum sem þarna eru valdar. Ekki er úr vegi að halda þessum talnaleik áfram, og taka fleiri dæmi þar sem gert verður ráð fyrir betri afla:

Áætlaður meðalafli 200 kg/togt. \times 4500 togtímar (= 900 tonna ársafli) \times 840 kr. isl. pr. kg.

Seldur afli		756 000 000
Aflahluti áhafnar	204 000 000	
Hagnaður	85 000 000	

Kostnaður alls 467 000 000 756 000 000

Áætlaður meðalafli 300 kg/togt. \times 4500 togtímar (= 1 350 tonna ársafli) \times 840 kr. isl. pr. kg.

Seldur afli		1 134 000 000
Aflahluti áhafnar	306 000 000	
Hagnaður	361 000 000	

1 134 000 000 1 134 000 000

Oft vill það verða svo, að tölur sem settar eru saman við skrifborðið, standast illa, þegar út í raunveruleikann er komið, en hvað um það, niðurstöðutölur þær sem rekstraryfirlitið sýnir hér, eru mjög athyglisverðar.

Djúprækjan er auðlind, sem við eigum, en hefur ekki verið nýtt fram á þennan tíma að kalla. Því mætti ætla, að það væri farsælt þjóðfélagslega séð, ef forráðamenn lánastofnana og forsvarsmenn í sjávarútvegi greiddu götu þeirra, ef einhverjir fyndust, sem vildu taka þá áhættu að kaupa og gera út nýtísku rækjutogara. Það má illa ganga, ef ekki yrði a. m. k. hagnaður af því fyrir þjóðarbúið.